

BORUN TVEGGJA GUFUHOLA Á REYKJANESI, REYKJANESBÆ **Ákvörðun um matsskyldu**

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar boranir séu líklegar til að hafa jákvæð áhrif á jarðhitasvæðið og komi til með að draga úr þeim niðurdrætti sem hefur átt sér stað á svæðinu frá því að vinnsla hófst. Jafnframt telur Skipulagsstofnun jákvætt að reynt verði að færa yfirborðsvirkni á svæðinu til fyrri vegar, þannig að virknin verði svipuð og hún var áður en vinnsla hófst á svæðinu.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á fugla verði óveruleg verði þess gætt að borun og blástur fari fram utan varptíma krúu. Skipulagsstofnun telur að þar sem notuð verða þau borplön og þær vegslóðir sem fyrir eru á svæðinu þá verði önnur umhverfisáhrif hverfandi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Hitaveitu Suðurnesja hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Hitaveitu Suðurnesja hf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að borun tveggja gufuhola á Reykjanesi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjanesbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem kann að hafa í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Hitaveita Suðurnesja hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 28. janúar 2008.

20. desember 2007

INNGANGUR

Þann 15. október 2007 tilkynnti Hitaveita Suðurnesja hf. borun tveggja gufuhola á Reykjanesi til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 2 c.i í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, iðnaðarráðuneytis, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Reykjanesbæ með bréfi dags. 22. nóvember 2007, Ferðamálastofu með bréfi dags. 20. nóvember 2007, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 28. nóvember 2007, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 14. desember 2007, Orkustofnun með bréfi dags. 26. nóvember 2007 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 16. nóvember 2007. Ekki barst umsögn frá Grindavíkurbæ. Svör við umsögnum bárust frá Hitaveitu Suðurnesja hf. með bréfi dags. 18. desember 2007.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað er að stefnubora tvær gufuholur innan iðnaðarsvæðis á Reykjanesi. Með stefnuborun megi ná til jarðhita talsvert til hliðar við holutopp og þannig komast hjá því að valda raski á viðkvæmum svæðum. Ætlunin sé að stefnubora tvær um 1500 m langar holur, í 800 m láréttri færslu frá borplönunum RN-10 og RN-11, niður á allt að 1.200 m dýpi. Ætlunin sé að bora niður í gufupúða suður af iðnaðarsvæðinu, þar sem gufuþrýstingur hafi verið að aukast vegna jarðhitánýtingar á svæðinu. Umhverfis holutopp gufuholu sé borplan og í fyrirhugaðri framkvæmd sé ætlunin að nýta borplön sem fyrir eru og stefnubora frá þeim í gufupúða sem líklegur er til að gefa mikið gufuafli. Minni háttar lagfæringar kunna að verða á borplani, en þær verði alltaf innan iðnaðarsvæðis og á þegar röskuðu svæði. Í borplani sé dúkur tengdur olíuþróum til að koma í veg fyrir olíumengun og unnið verði eftir skýrum verklagsreglum um umgengni á svæðinu, meðferð mengunarefna og hvernig skuli bregðast við hugsanlegri mengun.

Fram kemur að á framkvæmdatíma þurfi að leggja tvær vatnslagnir að bornum frá skolvatnsveitu. Varanleg vatnsveita sé austan Sírfells að Reykjanesvirkjun. Skolvatnsveitan þurfi að anna a.m.k. 80 - 100 l/s í sírennsli. Vatnsrör fyrir skolvatn sé hægt að leggja án jarðrasks og verði þau síðan fjarlægð að verki loknu. Á borplaninu verði safnþró við hlið skolkars borsins fyrir borsvarf og leðju. Þar falli til varf og megnið af þeirri borleðju og sementi sem berst frá holunni. Úr þrónni sé vatni fleytt um yfirfall og það látið renna í Gráalónið. Við Gráalónið er dælustöð, sem sjái til þess að yfirborð þess og umfang breytist ekki. Dælt sé úr Gráalóninu í blandþró nærri stöðvarhúsinu og þaðan fari vökvinn ásamt blöndu af jarðhitavökva, þéttvatni og kælisyó um steiptan stökk til sjávar. Borsvarf verði flutt burtu og fargað á viðurkenndan hátt verði þess krafist.

Áhrif á jarðhita og hveravirkni. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að með gufuborholunum verði ekki breyting á áformaðri nýtingu jarðhitageymisins frá því sem komið hafi fram í greinargerð með tilkynningu um matskyldu jarðhitánýtingar á Reykjanesi, enda um nýtingu á gufu að ræða en ekki jarðhitavökva. Vinnslan sé háð óvissu um stærð gufupúðans. Ekki verði rask á jarðmyndunum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í grennd við iðnaðarsvæði á Reykjanesi sé hverasvæðið við Gunnhver með ýmsum jarðhitamyndunum. Gufuholurnar verði boraðar inn undir hverasvæðið þar sem gufupúði hafi byggt upp mikinn þrýsting á síðustu árum.

Óljóst sé hver áhrif borunar verði á virkni hverasvæðisins til lengri tíma lítið en líklegt sé að virkni svæðisins minnki þegar þrýstingur í gufupúða lækki og stefnt sé að því að hún verði svipuð og hún var áður en virkjun jarðhita hófst á Reykjanesi. Einnig sé óljóst hvað gerist ef ekki verði létt á þrýstingi frá gufupúðanum og sé tekið mið af mikilli virkni svæðisins í dag geti hætta skapast fyrir þá sem leið eiga um svæðið. Hitaveita Suðurnesja muni stýra nýtingu á gufuholunum m.t.t. virkni hverasvæðisins. Gefi vöktun til kynna að upptaka úr gufupúða hafi þau áhrif á virkni hverasvæðisins að hún minnki, umfram það sem hún var fyrir gangsetningu Reykjanesvirkjunar, sé mögulegt að draga úr upptöku úr gufupúða eða hætta því tímabundið.

Áhrif á náttúruvarnir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið sé á núverandi iðnaðarsvæði á Reykjanesi þar sem fram fari orkuvinnsla á vegum Hitaveitu Suðurnesja hf. Fyrirhugaðar borholur séu á svæði sem þegar sé raskað iðnaðarsvæði með borholum og mannvirkjum. Landslag á iðnaðarsvæðinu einkennist ekki síst af fjölbreyttum jarðmyndunum og um leið afmörkun þess af sjávarströnd. Gróðurfar á svæðinu beri þess merki að þar sé jarðhiti, sandur eða hraun með grasi, melar og ógróið land, lítills háttar mólendi og mosapemba. Við hverasvæði sunnan iðnaðarsvæðisins sé að finna sjaldgæfar plöntutegundir sem aðeins geti lifað við þær aðstæður.

Fram kemur að sunnan iðnaðarsvæðisins sé stórt kríuvarp. Það sé óvenjulegt að því leyti að nokkur hluti þess er á gróðurlitlum, leirbornum jarðvegi á hverasvæði og sé það að öllum líkindum eina kríuvarpið í heiminum sem er á slíku svæði. Krían sé einkennisfugl svæðisins. Varptími kríu sé frá lokum maí þar til um miðjan júlí. Fyrirhugaðar borholur á Reykjanesi séu utan kríuvarps á svæðinu og í samræmi við ráðleggingar sé áætlað að bora holurnar og láta þær blása utan varptíma.

Fram kemur að svæðið sé vinsælt til náttúruskoðunar. Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda séu að mati framkvæmdaraðila lítil og að mestu tímabundin. Notast verði við núverandi borplön og því verði rask á yfirborði í lágmarki. Önnur áhrif eru talin lítil.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir séu í samræmi við þá stefnu sem fram kemur í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Reykjanesbæjar, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, iðnaðarráðuneytis, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmdirnar skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á jarðhita. Orkustofnun telur í umsögn sinni að það komi jarðhitakerfinu til góða að auka vinnslu úr gufupúðanum með tveimur nýjum holum í stað þess að ná í orkuna úr einfasa hluta jarðhitakerfisins. Þar með þurfi minna af vökva og því reyni ekki eins mikið á einfasa hluta jarðhitakerfisins. Vinnslan geti því dregið úr þeim hraða niðurdætti sem hafi átt sér stað. Vinnslan sem stefnt sé að með boruninum tryggi aukna nýtni frumorkunnar úr jarðhitakerfinu. Engu að síður sé nauðsynlegt að fylgjast grannt með þrýstibreytingum í báðum fösnum kerfisins, svo unnt verði með góðu móti að meta áhrif vinnslunnar.

Í svörum Hitaveitu Suðurnesja hf. kemur fram að fylgst verði náið með heildarupptekt úr svæðinu, gufu úr gufupúða og jarðhitavökva úr djúpkerfinu. Breytingar á vinnslunni og áhrif þeirra á jarðhitageyminn (þ.m.t. gufupúði og djúpkerfi, þrýstingur og breytingar á hitastigi og

efnainnihaldi) verði metin og mæld og reiknilíkan látið spá fyrir um langtímaáhrif. Hitaveitan leggi nú enn frekari áherslu á faglegan rekstur jarðlindanna með því skýra markmiði að ofnýta þær ekki enda þjóni það mikilvægum viðskiptahagsmunum fyrirtækisins til langs tíma.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða tvær stefnuboraðar gufuholur innan iðnaðarsvæðis á Reykjanesi. Ætlunin sé að holurnar verði um 1500 m langar, í 800 m láréttri færslu frá borplönunum RN-10 og RN-11, niður á allt að 1.200 m dýpi. Ætlunin sé að bora niður í gufupúða suður af iðnaðarsvæðinu, þar sem gufuþrýstingur hafi verið að aukast vegna jarðhitanytingar á svæðinu. Í fyrirhugaðri framkvæmd sé ætlunin að nýta borplön sem fyrir eru og stefnubora frá þeim í gufupúða sem líklegur er til að gefa mikið gufuafli. Minni háttar lagfæringar kunna að verða á borplani, en þær verði alltaf innan iðnaðarsvæðis og á þegar röskuðu svæði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 c.i í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur í ljósi umsagnar Orkustofnunar að fyrirhugaðar boranir séu líklegar til að hafa jákvæð áhrif á jarðhitasvæðið og komi til með að draga úr þeim niðurdrætti sem hefur átt sér stað á svæðinu frá því að vinnsla hófst. Jafnframt telur Skipulagsstofnun jákvætt að með þessu verði reynt að færa yfirborðsvirkni á svæðinu til fyrri vegar, þannig að virknin verði svipuð og hún var áður en vinnsla hófst á svæðinu.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á fugla verði óveruleg verði þess gætt að borun og blástur fari fram utan varptíma kríu. Skipulagsstofnun telur að þar sem notuð verða þau borplön og þær vegslóðir sem fyrir eru á svæðinu þá verði önnur umhverfisáhrif hverfandi.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Hitaveitu Suðurnesja hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Hitaveitu Suðurnesja hf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að borun tveggja gufuhola á Reykjanesi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjanesbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem kann að hafa í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Hitaveita Suðurnesja hf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 28. janúar 2008.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson